

Peningaþvætti

Vápættir varðandi skartgripa- og gullsala



Almennt

Skartgripa- og gullsalar falla undir gildissvið laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. q-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, þegar um er að ræða viðskipti í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni og teljast því vera tilkynningaskyldir aðilar í skilningi laganna í þeim tilvikum.

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé, m.a. út frá dómaframkvæmd, rannsóknunum, fræðiritum og innlendu sem og erlendu leiðbeiningaefni. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögaðila hvað viðkemur hættu á að starfsemi sé notuð við að þvætta fé. Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki sem tengjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi skartgripa- og gullsala. Hafa skal í huga að þessi dæmi eru til viðmiðunar og ekki tæmandi talin. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við tiltekinn viðskiptavin getur það átt sér eðlilegar skýringar, en gefur þó tilefni til frekari skoðunar. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa því ávallt að meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki þarf ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Misnotkun í starfsemi skartgripa- og gullsala

Brotamenn geta nýtt sér framangreinda starfsemi til að þvætta ávinning ólögðrar starfsemi. Þekktir áhættuþættir í starfsemi skartgripa og gullsala snúa m.a. að:

- Smygl. Skartgripa, eðalmálma og eðalsteina er oft auðvelt að flytja á milli landa þar sem verðgildi er hátt og stærð lítil. Þá getur verið áhættuminni að flytja fjármuni í formi skartgripa, eðalmálma og eðalsteina heldur en í formi reiðufjár. Að auki er oft auðvelt að endurselja slíka muni í öðrum löndum.
- Greiðsla kaupverðs með reiðufé.
- Lág áhættuvitund skartgripa- og gullsala.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Skartgripa- og gullsöllum er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar.

Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Hættumerki í starfsemi skartgripa- og gullsala

- Reiðufjárviðskipti.
- Framkvæmd viðskipta er óvenjuleg, t.d. háar raðgreiðslur gerðar upp með reiðufé.
- Greiðslur innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum.
- Notkun margra greiðsluleiða við sömu viðskipti, t.d. reiðufjár, kortafærslna og millifærslna.
- Umfang viðskipta er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu viðskiptamanns, hvort sem um einstakling eða lögaðila er að ræða.

- Viðskiptavinur óskar eftir því að fjárhæðir viðskipta séu settar saman á þann hátt að þær séu undir grunsamlegum eða tilkynningarskyldum mörkum.
- Viðskipti eiga sér stað án þess að viðskiptavinur skoði hinn keypta hlut.
- Viðskipti eru gerð fyrir hönd aðila sem ekki koma fram í eigin persónu.
- Kaupandi er annar en sá sem greiðir fyrir viðskiptin.
- Viðskipti eru óvenjuleg með tilliti til aldurs viðskiptavinar.
- Viðskiptamaður gefur rangar eða villandi upplýsingar eða neitar að gefa upplýsingar.
- Viðskipti þar sem félag er kaupandi eða seljandi.
- Viðskiptamaður er í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.
- Viðskiptamaður er frá áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki.
- Viðskiptamaður er eða hefur tengsl við þekkta brotamenn.

Nýjar áhættur (e. emerging risk)

Hér er vísað til nýrrar áhættu sem gæti komið fram og haft áhrif á hættuna á peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna. Um er að ræða nýjar mögulegar áhættur sem hafa ekki endilega komið fram áður á Íslandi, eru jafnvel lítt þekktar enn sem komið er, breytast hratt eða hafa ekki haft mikið vægi áður. Mikilvægt er fyrir tilkynningaskylda aðila að vera vel vakandi fyrir nýjum og mögulegum áhættum því aðferðir við peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna þróast hratt í heimi örrar tækniþróunar. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um nýjar áhættur:

- Rafmyntir: Rafmyntir notaðar til greiða fyrir viðskiptin að hluta til eða í heild.
- Gervigreind: Áreiðanleiki gagna, hætta á fölsun gagna.
- Rafræn viðskipti: Of mikið traust lagt á rafræna auðkenningu, án þess að vita hver er að baki. Möguleiki á stolnum auðkennum.
- Kaupendur eru aflandsfélög eða sjóðir.
- Notkun leppa (e. straw buyers): Aðilar kaupa í gegnum aðila með hreint borð, t.d. ungt fólk, námsmenn og nýbúa.

Hættumerki varðandi fjármögnun hryðjuverka og gereyðingavopna

Hingað til hefur hætta á fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna verið fremur lág á Íslandi. Með aukinni alþjóðavæðingu og sífelldri tækniþróun er þó full þörf á að vera á varðbergi hvað þessa þætti varðar. Séu veikleikar til staðar hjá skartgripa- og gullsölum er ljóst að brotamenn munu leitast við að nýta sér slíka veikleika fyrr en varir. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um hættumerki vegna fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingavopna:

- Uppruni fjármagns kemur frá aðilum frá áhættusömum ríkjum.
- Notkun milligönguadila til að fela tengsl við aðila frá áhættusömu ríki.
- Viðskiptavinur er tengdur ríki, svæði eða aðila sem sætir þvingunaraðgerðum eða hefur þekkt tengsl við hryðjuverkastarfsemi.
- Viðskipti með mörgum smærri greiðslum.
- Viðskipti sem innihalda félög sem koma fram fyrir hönd eða í þágu aðila sem sæta þvingunaraðgerðum.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla starfsfólks skartgripa- og gullsala á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga nr. 68/2023 um framkvæmda alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti í starfsemi skartgripa- og gullsala
- Verklag, framkvæmd og innri endurskoðun sem tryggir áhættuflokkun viðskiptavina og fullnægjandi framkvæmd áreiðanleikakannana áður en viðskipti eiga sér stað.
- Verklag um móttöku á reiðufé, t.d. um fjárhæðarmörk.
- Verklag og verkaskipting sem tryggir að tilkynnt sé um öll grunsamleg viðskipti.
- Aukin vitund um nýjar áhættur og ný hættumerki.

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um aðgerðir gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.



Sími: 442 1000 - Netfang: pt@skatturinn.is